

Borgarstjórn Reykjavíkur
17. október 2023

Greinargerð borgarfulltrúa Flokks fólksins með umræðu um frístundastyrkinn og hvernig vikið hefur verið frá upphaflegu markmiði hans

Frístundastyrknum var upphaflega ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótta-, lista- og tómstundastarfsemi. Í áranna rás hefur reglum verið breytt og er nú styrkurinn einnig einskonar gjaldmiðill, t.d. til að greiða með gjald fyrir dvöl barna á frístundaheimili eða tungumálanám barna af erlendum uppruna. Sé styrkurinn nýttur í ofangreint nýtist hann ekki til að velja sér íþrótta-, lista- eða tómstundaiðkun að eigin vali, eðli málsins samkvæmt. Breyta þarf reglum styrksins aftur til upprunans til að hann megi þjóna sínu hlutverki gagnvart öllum börnum óháð efnahag foreldra þeirra. Til að hjálpa efnaminni foreldrum að greiða þá nauðsynlegu þjónustu fyrir börn sín eru aðrar leiðir í boði og hægt að sækja um sérstaka styrki í það. Barn á ekki að þurfa að líða fyrir fátækt foreldra sinna. Það á bæði að geta verið á frístundaheimili, sótt tungumálaskóla ef því er að skipta og á sama tíma nýtt frístundastyrk sinn til að stunda íþróttir, listnám eða tómstundir að eigin vali. Fleira þarf að breytast, s.s. að heimilt verði að verði að færa eftirstöðvar styrksins á milli ára og flytja styrkinn milli systkina. Eins og með aðrar reglur sem tengjast börnum á einhvern hátt verður að ráðast í að nútímavæða reglurnar m.a. með tilliti til þess að barn getur átt lögheimili hjá báðum forsjáforeldrum.